

KJARASAMNINGUR
milli
FIT, RSÍ & STFS
og
HS Orku hf.

1. gr.

Kjarasamningur þessi gildir til 1. nóvember 2022 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

2. gr.

Launabreytingar

Kauptaxtar kjarasamningsins hækka á samningstímabilinu sem hér segir:

1. apríl 2019	kr. 17.000
1. apríl 2020	kr. 24.000
1. janúar 2021	kr. 24.000
1. janúar 2022	kr. 25.000

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár m.v. fullt starf er:

Á árinu 2019	kr. 130.500
Á árinu 2020	kr. 133.800
Á árinu 2021	kr. 137.100
Á árinu 2022	kr. 140.600

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) m.v. fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2019	kr. 71.500
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2020	kr. 73.300
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2021	kr. 75.100
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022	kr. 77.000

Aðrir kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 2,5% á ári.

3. gr.

Stytting vinnutíma og endurskoðun vinnufyrirkomulags

Í upphafi árs 2020 mun HS Orka hefja viðræður við starfsmenn um skipulag vinnutíma, neysluhléa og styttingu vinnutíma í 36 virkar vinnustundir á viku frá og með 1. apríl 2020 án skerðingar mánaðarlauna fyrir dagvinnu. Um form viðræðna, markmið, styttingu vinnutíma og samþykkt samnings gilda sömu reglur og kveðið er á um í 5. kafla aðalkjarasamninga SA og stéttarfélaganna iðnaðarmanna.

Í viðræðum verða m.a. gerðar tillögur um fyrirkomulag hléa með það að markmiði að ná fram gagnkvæmum ávinningi og bæta nýtingu vinnutíma þar sem því verður við komið.

Náist ekki samkomulag um breytingar á skipulagi vinnutíma mun virkur vinnutími starfsmanna stytta 1. janúar 2021 í 36 klst. og 15 mín. Virkur vinnutími á dag í dagvinnu verður 7 klst. og 15 mín. nema samkomulag verði um annað.

[Handwritten signatures and initials]
PLT BM

Við gildistöku vinnutímastyttingar breytist ~~deilitala~~ dagvinnutímakaups til samræmis, verður 36,25 klst. vinnuviku. Breytingin felur í sér að 156 m.v. 36 klst. vinnuviku eða 157 m.v. ~~færist~~ yfir í tímakaup fyrir virkan vinnutíma, sbr. greiðslur fyrir kaffitíma skv. kjarasamningi SA og stéttarféлага iðnaðarmanna.

4. gr.

Breytingar á einstökum ákvæðum kjarasamninga

Yfirvinna og yfirvinnuálag

Ákvæði kjarasamningsins um yfirvinnu og yfirvinnuálag breytast þannig:

Yfirvinna 1 og yfirvinna 2, eins og samið var um í almennum kjarasamningi SA og stéttarféлага iðnaðarmanna dags. 3. maí 2019, tekur gildi 1. september 2020 og þá með þeim hlutföllum sem taka gildi 1. janúar 2021 skv. almenna samningnum.

Heimilt er að gera samning milli HS Orku hf. og félagmanna FIT, RSÍ og STFS um að í stað yfirvinnu 1 og 2 verði öll yfirvinna greidd sem sama hlutfall mánaðarlauna. Um form viðræðna og samþykkt samnings fer skv. 5. kafla almennra kjarasamninga SA og stéttarféлага iðnaðarmanna.

Við ákvæði um veikindi barna bætist nýr málslíður:

Sama á við um börn undir 16 ára aldri í alvarlegum tilvikum sem leiða til sjúkrahúsvistar a.m.k. einn dag.

5. gr.

Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar dags. 3. maí 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kauptaxtaauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. maí sl. verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

Grindavík, 28. október 2019

F.h. HS Orku hf.

Petra Lindtínard

F.h. FIT, RSÍ & STFS

Ólafur Magnússon
Sóleylin Tomasson

Bókun um nýja launatöflu og framkvæmd eingreiðslu

Ný launatafla tekur gildi frá 1. apríl 2019. Í tengslum við samræmingu launataflna félaganna er samkomulag um að eingreiðsla greidd 1. júlí 2019 skv. samkomulagi um frestun gerð kjarasamninga komi ekki til frádráttar við launauppgjör skv. nýjum kjarasamningi.

Bókun um vinnutímaskráningu

HS Orka hf. og trúnaðarmenn munu sameiginlega vinna að því í tengslum við viðræður um styttingu vinnutíma að bæta vinnutímaskráningu og að hún sé í samræmi við virkan vinnutíma.

Bókun um gerð sameiginlegs heildarkjarasamnings

Aðilar skulu ljúka við drög að heildarkjarasamningi eigi síðar en 1. mars 2021.

#1. PLE BM

